

# Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.  
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.  
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is  
Veffang: http://lagabirting.is  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)  
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 76 96. ár

Föstudaginn 16. maí 2003

## Laus störf

Lausar eru eftirtalдар stöður við Höfðaskóla, Skagaströnd til umsóknar skólaárið 2003-2004.

- Kennsla á unglingastigi, kennslugreinar m.a. danska og íslenska.
- Kennsla og umsjón á yngsta- og miðstigi.

Upplýsingar gefur skólastjóri, Stella Kristjánsdóttir og aðstoðarskólastjóri, Ólafur Bernódusson í síma 452-2800. Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.

**Höfðaskóli.**

(5662)

*Kópavogur.*

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Um er að ræða tímabundna stöðu til eins árs vegna launalauss leyfis. Miðað er við að sett verði í stöðuna frá 1. júní nk. Umsóknnum skal skilað til sýslumannsins í Kópavogi, Dalvegi 18, 201 Kópavogi, en umsóknarfrestur rennur út þann 23. maí 2003. Friðrik Björgvinsson yfirlögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknnum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknnum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 9. maí 2003.  
**Ríkislögreglustjórin.**

(5684)

Laus er til umsóknar staða skólastjóra í Brekkubæjarskóla á Akranesi.

Brekkubæjarskóli er heildstæður grunnskóli með um 400-450 nemendur. Við skólann er sérdeild sem þjónar báðum skólasvæðunum á Akranesi. Við skólann starfa tæplega 70 starfsmenn þar af um 45 kennarar.

Í Brekkubæjarskóla hefur síðastliðin tvö ár verið unnið eftir lífsleiknistefnu sem nefnd er „Góður og fróður“. Lífsleiknistefnan miðar að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, sjálfsaga, samskiptafærni, umburðarlyndi, skipulögð vinnubrögð, víðsýni, þekkingu og færni til að nýta þekkinguna. Rækt er lögð við list- og verkgreinar.

Aðalverkefni skólastjóra er að bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og framþróunar skólastarfsins.

## Auglýsing

um skipulagsmál í Snæfellsbæ

1. *Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2002–2022, vegna frístundabyggðar í Kinnarlandi.*  
Með vísan í 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er auglýst eftir athugasemdum við breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2002–2022.

Breytingartillagan felst í því að 20 hektara svæði er lagt undir 11 frístundahúsalóðir og skógrækt í landi Kinnar.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2 frá og með 16. maí nk. til 13. júní 2003.

2. *Deiliskipulag.*

Með vísan í 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulagstillögu varðandi Kinnarland við Búðir í Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið nær til 20 hektara lands með 11 frístundahúsalóðum og skógrækt í landi Kinnar.

Einnig breyting á deiliskipulagi Brekkubæjar, Hellnum.

Uppdrættir ásamt greinagerðum með frekari upplýsingum liggja frammi á Bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, frá og með 16. maí nk. til 13. júní 2003.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu nr. 1 og 2 hér að framan. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 27. júní 2003.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast á Bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkur þeim.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi í Snæfellsbæjar.**

5649)

## Auglýsing

um tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002–2014

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002–2014. Skipulagsuppdrættir, skýringarkort og greinargerð eru til sýnis á skrifstofu Fljótsdalshrepps, Víðivöllum fremri, 16. maí 2003 til 13. júní 2003. Ennfremur er tillagan til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Athugasemdum skal skila til skrifstofu Fljótsdalshrepps, Víðivöllum fremri, fyrir 27. júní 2003 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Oddviti Fljótsdalshrepps,  
**Gunnþórunn Ingólfssdóttir.**

5668)

## Auglýsing

um skipulagsmál í Borgarbyggð

1. *Breyting á deiliskipulagi ræktunarlóðar við Neðra-Hrísnes.*

Breytingarnar felast í því að bætt er við einum byggingarreit fyrir allt að 65 m<sup>2</sup> verkfærahús.

2. *Deiliskipulag fyrir frístundahús í Hábrekkum í landi Heyholts.*

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreindar 2 tillögur um breytingu á deiliskipulagi.

Tillögurnar munu liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 16. maí 2003 til 13. júní 2003.

Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 27. júní 2003 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 7. maí 2003.  
**Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.**

5685)

Óskað er eftir umsækjanda sem hefur kennaramenntun, æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og /eða uppeldis- og kennslufræði. Ennfremur að viðkomandi hafi stjórnunarreynslu og stjórn-unarhæfileika. Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða samskiptahæfileika og reynslu af kennslu og vinnu með nemendum á grunnskólaaldri.

Nánari upplýsingar veitir Helga Gunnars-dóttir, sviðsstjóri menningar- og fræðslusviðs sími 433-1000.

Með umsókn fylgi gögn um námsferil, störf og önnur gögn sem að gagni geta komið við mat á umsókn. Umsókn sendist menningar- og fræðslusviði, Stíllholti 16-18, 300 Akranesi.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2003.

Akranesi, 9. maí 2003.

**Helga Gunnarsdóttir,**  
sviðsstjóri menningar- og fræðslusviðs.

(5688

## Stefnur

**Dómstjórinn í Reykjavík,**  
**Friðgeir Björnsson,**  
**dómhúsinu við Lækjartorg,**  
**150 Reykjavík**

gerir kunnugt: Mér hafa tjáð Þórir Ólafsson, kt. 020550-7169 og Sigrún Áskelsdóttir, kt. 071053-4829, til heimilis að Hæðargarði 56, Reykjavík, að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. 5. gr. laga nr. 44/1981 um horfna menn, til staðfestingar þess að Pálmi Þórisson, kt. 190279-3839, sé látinn.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að staðfest verði með dómi að Pálmi Þórisson, kt. 190279-3839, sé látinn og dánardægur hans verði talið vera 2. ágúst 2002.

*Málavextir og önnur atvik:* Málavextir eru þeir að sonur Þóris og Sigrúnar, Pálmi Þórisson, var farþegi í bifreiðinni IO-632 sem hafnaði í Hvítá við Brúarhlöð í Hrunamannahreppi aðfaranótt 2. ágúst 2002. Fyrir liggur fram-burður ökumanns bifreiðar þeirrar sem Pálmi var farþegi í, Þorsteins Björnssonar, um að hann hafi ekki náð að losa öryggisbelti Pálma eftir að bifreiðin hafnaði í ánni og að Pálmi hafi ekki verið vakandi er ökumaður reyndi að losa beltíð. Ökumaður ber einnig um það að bifreiðin hafi verið byrjuð að sökkva strax og hún lenti í ánni og að farþegarými bifreiðarinnar hafi verið að fyllast af vatni er honum tókst að komast út úr bifreiðinni. Víðtæk leit var gerð að líkamsleifum Pálma en hún hefur ekki borið árangur og er hann nú talinn af.

Þann 10. desember 2002 var kveðinn upp úrskurður í héraðsdómi Suðurlands um að um bú Pálma skyldi fara sem hann væri látinn og var dánardægur hans þá talið vera 2. ágúst 2002.

*Málsástæður og lagarök:* Samkvæmt 5. gr. laga nr. 44/1981 er unnt að ákveða með dómi að horfinn maður skuli talinn látinn, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sömu laga má höfða slíkt mál þegar liðnir eru fjórir mánuðir frá því að sá sem krafist er dóms um að sé talinn látinn rataði í lífsháska. Með vísan til málsatvika má telja yfirgnæfandi líkur á því að Pálmi Þórisson hafi látist þegar bifreiðin IO-632 hafnaði í Hvítá, aðfaranótt 2. ágúst 2002.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Vísað er til laga nr. 44/1981 um horfna menn, einkum III. kafla laganna.

*Gögn:* Lögð verða fram endurrit lögreglu-skýrslna, vettvangsteikninga, ljósmynda af vett-vangi, skýrslur með framburði vitna og öku-manns bifreiðarinnar sem hafnaði í Hvítá, samantekt um leitir, kort af leitarsvæði björg-unarsveitarmanna, beiðni sýslumannsins á Sel-

fossi um að með bú Pálma Þórissonar skuli fara sem dánarbú og úrskurður sama efnis.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hverjum þeim sem telur sig geta veitt frekari upplýsingar um afdrif Pálma Þórissonar, kt. 190279-3839, til að mæta er mál þetta verður þingfest á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, í sal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 4. september 2003, kl. 10.00 árdegis, til að láta dóminum í té vitneskju sína, en ella má búast við að dómur verði kveðinn upp í samræmi við dómkröfu í málinu.

Stefnufrestur ákveðst þrír mánuðir.

Reykjavík, 23. apríl 2003.

**Friðgeir Björnsson.**

(5125

**Dómstjórinn á Suðurlandi,**  
**Ólafur Borkur Þorvaldsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Gautur Steingrímsson hrl. að hann þurfi, f.h. Ræktunar-miðstöðvarinnar sf., kt. 520989-1619, Heiðmörk 68, Hveragerði, að höfða eignardómsmál fyrir héraðsdómi Suðurlands.

*Dómkröfur:* Aðalkrafa: Þess er krafist aðal-lega að viðurkennt verði að stefnandi sé eigandi alls þess lands sem lýst er á meðfylgjandi upp-drætti og birtur er með stefnu þessari. Landið er afmarkað af eftirfarandi hnitum:

| Nafn | A-hnit   | N-hnit   |
|------|----------|----------|
| L1   | 393292.4 | 390336.5 |
| L2   | 393315.8 | 390295.3 |
| L3   | 393280.7 | 390317.0 |

Varakrafa: Til vara er þess krafist að viður-kennt verði að stefnandi sé eigandi alls þess lands sem Mjólkurbú Ölfusinga leigði Sigurði Sigurðssyni, fyrrum búnaðarmálastjóra, með þinglýstum leigusamningi dags. 17. maí 1929 með þinglýsingarnr. 119/1929 á manntalsþingi Ölfushrepps þ. 24. ágúst 1929, að frátöldu því landi sem undan hefur verið tekið skv. afsali Ingimars Sigurðssonar til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur þ. 14. maí 1962, sem móttekið var þ. 20. júní 1962 og þinglýst sama dag á manntalsþingi Hveragerðishrepps, skjal nr. XXVII-286, þar sem nú er Reykjamörk 15 og 17 og einnig skv. afsali frá 1. okt. 1968 sem móttekið var til þinglýsingar 3. febr. 1969 og þinglýst á næsta manntalsþingi Hveragerðis-hrepps og fékk auðkenni nr. XLVII-38, og er land það sem krafist er eignardóms um að mestu á milli Reykjamerkur 18 og Reykjamerkur 22.

*Málavextir:* Málavaxtalýsing stefnanda er svohljóðandi:

Þann 31. ágúst 2000 var gerður kaupsam-ningur milli stefnanda og Fagrahvamms ehf., kt. 520169-4319, Fagrahvammi, Hveragerði (dskj. nr. 12). Samkvæmt kaupsamningnum keypti stefnandi 22.681 m² landspildu úr landi Fagrahvamms skv. viðfestum uppdrætti dags. 15. ágúst 2000. Um afmörkun landspildu þessarar vísast til dskj. nr. 11 sem er umrædd teikning. Í kaupsamningnum fólst að hluti af landi seljanda yrði lagt til stefnanda og þar með færur fram landskipti. Sala þessi féll undir ákvæði jarðalaga um forkaupsrétt og þ. 12. sept. 2000 sendi stefnandi bréf til Hveragerðisbæjar og spurðist fyrir um hvort bærinn myndi nýta sér forkaupsrétt (dskj. nr. 13). Þann 20. des. 2000 var gefið út afsal og féll bærinn frá forkaupsrétti. Þann 22. des. 2000 óskaði seljandi eftir staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins á eignaskiptum á landi þessu. Þann 2. jan. 2001 lýstu Bændasamtök Íslands því yfir að þau hefðu enga athugasemd við landskiptin, sjá 12. gr. jarðalaga nr. 65/1976. Að svo komnu máli óskaði landbúnaðarráðuneytið eftir því við seljanda með bréfi þ. 12. febr. 2001 (dskj. nr. 18) að hann léti í té gögn um eignarhald seljanda á landinu sem hann var að selja.

Þann 30. maí 2001 ritaði landbúnaðar-ráðuneytið Verkfræðistofu Suðurlands ehf. bréf (dskj. nr. 19) og fylgdu því m.a. eftirtalin gögn: 1. Yfirlýsing, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkurbú Ölfusinga gefur Sigurði Sigurðs-syni búnaðarmálastjóra landspildu sem liggur í suðausturhorni lands þess sem Mjólkur-búsfélagið átti við Varmá í Ölfusi. Afmörkun landspildunnar er nánar lýst í yfirlýsingunni (sbr. dskj. nr. 3).

2. Yfirlýsing, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkurbú Ölfusinga leigir Sigurði Sigurðs-syni á erfðafestu til 75 ára landspildu sem liggur vestur af landspildu þeirri sem gefin var Sigurði Sigurðssyni með framangreindri yfir-lýsingu. Afmörkun landspildunnar er nánar lýst í þessari yfirlýsingu (sbr. dskj. nr. 4).

3. Afsal til Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmála-stjóra, dags. 8. sept. 1934, þar sem Jón Ög-mundsson, bóndi í Vorsabæ, og Gísli Björns-son innheimtumaður í Reykjavík selja og afsala til Sigurðar Sigurðssonar búnaðar-málastjóra landspildu en afmörkun landspild-unnar er nánar lýst í afsalinu (sbr. dskj. nr. 5). Bréfi landbúnaðarráðuneytisins var svarað þ. 12. júní 2001 (dskj. nr. 20) og því fylgdi við-festur uppdráttur. Yfir þessi nýju gögn fór ráðu-neytið og gerði grein fyrir því að að svo komnu máli gæti það ekki staðfest landskiptin því verið væri að selja úr leigulandi skv. samningi frá 17. maí 1929, þingl.nr. 119-1929, sbr. dskj. nr. 3. Þann 9. sept. 2001 árituðu stefnandi og seljandi yfirlýsingu um að þeir drægju erindið frá 22. des. 2000 til baka „í óbreyttri mynd.“ Í samræmi við umræddan kaupsamning milli stefnanda og Fagrahvamms ehf., tók samt sem áður gildi nýtt deiliskipulag þ. 18. febr. 2002. Er það lagt fram sem dskj. nr. 26.

Þegar í ljós kom að seljandi hafði ekki þing-lýstar heimildir fyrir öllu því landi sem hann seldi kom það algjörlega flatt upp á stefnanda. Var þá brugðið á það ráð að gera sérstakt samkomulag í tilefni af mögulegri vanheimild. Er það lagt fram á dskj. nr. 29. Fólst í því að seljandi bæri ekki fyrir sig vanheimildina en tæki við þeim réttindum sem seljandi ætti til landskikans, hvort sem það væru efnislega full-komin eignarréttindi eða aðeins erfðafesturétt-indi. Af þessu er ljóst að stefnandi er réttur aðili að máli þessu sóknarmegin.

Áður en lengra er haldið er rétt að rekja hvernig hlutafélagið Fagrihvammur hf. er að umræddu landi komið.

Eina skriflega heimildin sem stefnandi hefur fundið er skiptayfirlýsing frá 1991 (dskj. nr. 10). Þar er um að ræða skipti á dánarbúi Ingimars Sigurðssonar, fd. 2. mars 1910, en að Ingimari og eignarheimildum hans verður vikið hér á eftir. Í skiptayfirlýsingu þessari kemur fram að land, sem þar er merkt nr. 1 og 5 á viðfestum uppdrætti, sé og hafi verið eign hlutafélagsins. Mun umrætt félag hafa nýtt land þetta án skýrrar eignarheimildar í a.m.k. meira en 20 ár, áður en það seldi stefnanda landið. Munu þeir, sem undirrituðu skiptayfirlýsinguna, m.a. verða kall-aðir til vitnis um þetta atriði. Ekki hefur stefn-anda tekist að fá frekari botn í hvernig Fagri-hvammur hf. varð eigandi landspildunnar en það mun hafa komið flatt upp á forsvarsmenn Fagra-hvamms hf. að vafi léki á grunneignarréttinum.

Að öðru leyti skal það sagt um hlutafélagið að það var stofnað árið 1946. Voru stofnendurnir fimm, þau Guðrún Björnsdóttir, Ingimar Sigurðsson, Emíliá Friðriksdóttir, Ragna Sigurðardóttir og Þráinn Sigurðsson.

Eftir því sem stefnandi kemst næst er saga þessa lands sú að það mun upphaflega hafa verið í eigu Mjólkurbús Ölfusinga. Þann 17. maí 1929 leigði stjórn mjólkurbúsins Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra á erfðafestu til 75 ára, miklu

stærra land eða 1,73 ha. eða 17.300 m<sup>2</sup>. Var það leigt til garð-, tún- og trjáræktar. Um þennan skika vísast til framlagðs ljósrits úr veðmálabók (dskj. nr. 6). Þann 14. maí 1962 mun Ingimar Sigurðsson hafa talið sig leiguréttarhafa skv. erfðafestusamningi sem faðir hans, Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hafði gert við „Mjólkurbú Flóamanna sic“. Vísast um samning þennan til afsals á dskj. nr. 7. Framseldi hann erfðafesturétt sinn til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur fyrir landi sem nú standa á Reykjamörk 15 og Reykjamörk 17, Hveragerði.

Í afsali þessu staðhæfir hann að ríkissjóður sé þáverandi grunneigandi. Landbúnaðarráðuneytið virðist hafa samþykkt gjörning þennan sem leigusali sbr. dskj. nr. 8.

Enn á ný er afsalað til Hveragerðishrepps úr landinu á „svæði því, sem gatan Reykjamörk á að liggja um og þar fyrir vestan þannig að vesturmörk Fagrahvatns verða meðfram götunni Reykjamörk.“ Í afsalinu (dskj. nr. 9) var tekið fram að hluti greinds lands sé erfðafestuland. Með afsali þessu fylgdi viðfestur uppdráttur en engin tilraun er gerð til að hafa samband við grunneigandann. Virðist lítið svo á að allar heimildir til ráðstöfunar séu komnar í hendur Ingimars og því í reynd grunneignarrétturinn. Afsali þessu var þinglýst og hefur Hveragerðisbær tekið við þessu. Það næsta sem gerðist, að því er vitað er, er að erfingjar Ingimars Sigurðssonar staðhæfa að „Garðyrkjustöðin í Fagrahvammi hf. sé og hafi verið eigandi þessa lands.“ Að öðru leyti vísast um málavexti hvað þetta varðar til þess sem að framan er rakið.

*Málsástæður og lagarök:* Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann og áður Fagrihvammur

ur ehf. (áður hf.) hafi samanlagt haft óslitið eignarhald á umræddu landi a.m.k. síðustu 20 árin. Þar að auki geti stefnandi til viðbótar byggt á undanfarandi eignarhaldi Ingimars Sigurðssonar, enda hafi hann, a.m.k. þegar hann gerði afsalið árið 1968, sbr. dskj. nr. 9, verið hættur að nýta landið í skjóli erfðafestusamningsins og hann dottinn upp fyrir án þess að um nokkurt óráðvandlegt athæfi hafi verið að ræða. Er því byggt á að stefnandi sé orðinn eigandi landsins fyrir óslitið hefðarhald sitt á grundvelli eignarhalds síns og þeirra sem á undan honum komu og vísast um þetta til 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Ekki verði séð að 3. mgr. 2. gr. geti átt við um eignarhaldið a.m.k. síðastliðin 20 ár. Sjá og 3. gr. sömu laga. Telur stefnandi sig eiga fullkominn rétt til eignarinnar skv. 6. gr. hefðarlaga og þurfi því að fá skilríki fyrir eignarrétti sínum. Hugsanlegur afnotaréttur einhvers í skjóli erfðafestusamningsins sé niður fallinn sbr. 2. mgr. 6. gr.


*Réttarfar:*  
Reifun stefnanda á réttarfarsatriðum er svohljóðandi:  
Um aðalkröfuna:  
Aðalkrafan lýtur að því að krefjast eignardóms yfir tilteknu afmörkuðu landi. Stefnandi staðhæfir að þetta land sé nákvæmlega það land sem hefur verið hefðað. Þar sem land þetta hefur ekki verið afmarkað með nákvæmni í þinglýsingabókum, vaknar sú spurning hvort krafa í eignardómsmáli megi vera svo við að hún raunverulega marki landamæri gagnvart aðliggjandi löndum. Farin verður sú leið að birta stefnu þessa sérstaklega fyrir þinglýstum eigendum aðliggjandi landa og lóða. Ekki verður betur séð en að merkin séu í samræmi við það sem

eigendur aðliggjandi landa hafa sjálfir byggt á og haldið fram.

Um varakröfuna:  
Verði af réttarfarsástæðum ekki talið heimilt að reka aðalkröfuna í eignardómsmáli er engin önnur leið en að orða kröfuna eins og gert er í varakröfu, eigi stefnandi þess yfir höfuð kost að fá dóm um eignarrétt sinn þegar enginn aðili finnst sem hægt er að beina kröfum að.

Stefnandi telur varakröfuna í raun nægilega skýra og ljósa þannig að ekki fari á milli mála hvers sé krafist. Fá stefnandi efnisdóm sér í vil í samræmi við varakröfuna, öðlast hann jafnframt hina formlegu heimild til að draga landamerkin upp í samræmi við nábúa. Með varakröfunni telur stefnandi að gert hafi verið skýrt og ljóst hvers krafist er, en þó þannig að hægt sé að dæma um eignarréttindin án þess þó að taka nákvæmlega afstöðu til markalína gagnvart nábýlum.

Ljóst er af framansögðu að stefnandi er réttur eigandi umrædds lands en skortir formleg skilríki fyrir honum. Ekkert liggur fyrir um hver hugsanlegur grunneigandi gæti hafa verið en Mjólkurbú Ölfusinga var lagt niður í lok fjórða áratugarins. Skv. ritinu „Flóabúið“, sem er saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár eftir Sigurgrím Jónsson, Jón Guðmundsson og Pál Lýðsson, útg. á Selfossi 1989, mun síðasti fundur Mjólkurbúsins hafa verið haldinn 17. júlí 1938 og þá samþykkt svohljóðandi tillaga: „Fundurinn ályktar að leysa upp Mjólkurbú Ölfusinga að loknum skuldaskilum og felur mönnum er til þess verða kjörnir á fundinum að ráðstafa eignum þess og skuldum.“ Í þessu riti er staðhæft að fasteignir félagsins hafi verið keyptar af Mjólkurbúi Flóamanna og Kaupfélagi Árnesinga og seljandi verið Búnaðarbankinn.



Ekki hefur fengist botn í hvernig íslenska ríkið á mögulega að hafa orðið eigandi.

Með vísan til þess að enginn finnst sem er bær til að veita hefðanda hina formlegu heimild landsins eru engin önnur ráð til en að fá útgefna eignardómsstefnu. Hins vegar mun hún verða birt sérstaklega þeim sem í stefnu þessari hafa verið nefndir til sögunnar sem mögulegir eigendur. Þann 14. ágúst sl. sendi lögmaður stefnanda landbúnaðarráðuneytinu bréf (dskj. nr. 24) og bað á grundvelli upplýsingalaga um öll gögn sem til væru um þessa spildu og gat þess að sér hefði „verið tjáð að ríkið sé orðið eigandi að þessari spildu en undirrituðum er ekki ljóst með hvaða hætti það á að hafa gerst“. Ráðuneytið sendi af þessu tilefni gögn en hélt hvorki fram eignarrétti sínum né sendi nein skilríki sem gætu bent til hans, hvað þá gögn sem sýndu að ríkið hefði formlegar heimildir til að afsala landinu.

Komi fram aðili sem er til þess bær að gefa út heimildarskjal, er áskilinn réttur til þess að fá málið tekið til almennrar meðferðar.

Með vísan til alls þessa er engin önnur leið fær en að höfða eignardómsmál sbr. 122. gr. eml. enda enginn bær aðili sem getur gefið út heimildarskjal.

Nauðsynlegt er að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði þar sem hún beinist að ótilteknum aðila sbr. c-lið 1. mgr. 89. gr. eml.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til jarðalaga nr. 65/1976, einkum 12. gr. Einnig vísar hann til hefðarlaga nr. 46/1905, einkum 2. gr., 3. gr. og 6. gr.

Um varnarþing vísar stefnandi til 2. mgr. 122. gr. sbr. 2. mgr. 120 gr. eml.

*Sönnunargögn:* Lögmaður stefnanda kveðst leggja fram við þingfestingu málsins:

1. Stefnu ásamt viðfestum uppdrætti.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Yfirlýsingu, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkubú Ölfusinga gefur Sigurði Sigurðssyni búnaðarmálastjóra landspildu sem liggur í suðausturhorni lands þess sem Mjólkurbúsfélagið átti við Varmá í Ölfusi.
4. Yfirlýsingu, dags. 17. maí 1929, þar sem Mjólkubú Ölfusinga leigir Sigurði Sigurðssyni á erfðafestu til 75 ára landspildu sem liggur vestur af landspildu þeirra sem gefin var sbr. dskj. nr. 3.
5. Afsal til Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra, dags. 8. sept. 1934.
6. Yfirlit úr veðmálabókum.
7. Afsal Ingimars Sigurðssonar til Þráins Sigurðssonar og Guðrúnar Björnsdóttur, dags. 14. maí 1962.
8. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Guðmundar Ásmundssonar hrl., dags. 14. maí 1962.
9. Afsal Ingimars Sigurðssonar til Hveragerðishrepps, dags. 30. nóv. 1968, ásamt viðfestum uppdrætti.
10. Skiptayfirlýsingu vegna dánarbús Ingimars Sigurðssonar, dags. 11. september 1991, ásamt viðfestum uppdrætti.
11. Teikningu Verkfræðistofu Suðurlands af Fagrahvammi, Hveragerði, dags. 15. ágúst 2000.
12. Kaupsamning stefnanda og Fagrahvamms ehf., dags. 31. ágúst 2000.
13. Bréf stefnanda til Hveragerðisbæjar, dags. 12. sept. 2000.
14. Afsal Fagrahvamms ehf. til stefnanda, dags. 20. des. 2000.
15. Bréf Fagrahvamms ehf. til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 22. des. 2000.
16. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Bændasamtaka Íslands, dags. 27. des. 2000.
17. Bréf Bændasamtaka Íslands til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 2. jan. 2001.
18. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Sigurðar

Ingimarssonar, fyrirsvarsmanns Fagrahvamms ehf., dags. 12. febr. 2001.

19. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Verkfræðistofu Suðurlands ehf., dags. 30. maí 2001.
20. Bréf Verkfræðistofu Suðurlands ehf., dags. 12. júní 2001, ásamt viðfestum uppdrætti.
21. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Fagrahvamms ehf., dags. 15. júní 2001.
22. Áritun stefnanda og Fagrahvamms ehf. á bréf ráðuneytisins, dags. 9. júlí 2001.
23. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til Fagrahvamms ehf., dags. 29. júlí 2001.
24. Bréf lögmanns stefnanda til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 14. ágúst 2002.
25. Bréf lögmanns stefnanda til sýslumannsins á Selfossi, dags. 14. ágúst 2002, ásamt áritun sýslumannsins.
26. Deiliskipulag Hveragerðisbæjar á Fagrahvammstúni, dags. 9. maí 2001 og breytt þ. 28. nóv. 2001.
27. Símbref lögmanns stefnanda til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 2. sept. 2002.
28. Bréf landbúnaðarráðuneytisins til lögmanns stefnanda, dags. 13. sept. 2002.
29. Samkomulag stefnanda og Fagrahvamms ehf., dags. 16. jan. 2003.

*Fyrirkall:* Vegna þessa stefnist hér með hverjum þeim sem kann að telja til réttar yfir nefndri eign til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður á skrifstofu dómsins að Austurvegi 4, Selfossi, miðvikudaginn 18. júní 2003 kl. 14 síðdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn yfir eigninni þar sem ella má búast við að stefnandi verði dæmdur eigandi hennar.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Selfossi, 25. apríl 2003.  
Héraðsdómur Suðurlands.  
**Ólafur Börkur Þoraldsson.**

(5287

**Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Pálsson hrl., kt. 070352-2579, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Gunnars Blöndal, kt. 071152-4489, Byggðavegi 111, Akureyri að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000 útgefið á Akureyri 24. október 1997 af Gunnari Blöndal til Þórarins B. Jónssonar tryggðu upphaflega með 5. veðrétti í Byggðavegi 111, Akureyri, þinglýst 29. október 1997 nr. 4566.

*Málavextir og málsástæður:* Veðskuldabréfið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjárhæð kr. 3.500.000 tryggt með vísitölu neysliverðs en án vaxta, útgefið á Akureyri 24. október 1997 af Gunnar Blöndal til Þórarins B. Jónssonar.

Veðskuldabréfið átti að endurgreiða með 10 afborgunum á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 1. nóvember 1998.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar veðsetti útgefandi skuldareiganda með 5. – fimmta – veðrétti og uppfærslurétti Byggðaveg 111, Akureyri. Veðskuldabréfið er nú tryggt með 4. veðrétti í Byggðavegi 111, Akureyri.

Veðskuldabréfinu var þinglýst 29. október 1997 nr. 4566.

Framangreint veðskuldabréf segir stefnandi að fullu greitt en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hafi ekki verið unnt að afmá veðskuldabréfið úr veðmálabókum og sé honum því brýn nauðsyn að fá dóm til ógildingar

á veðskuldabréfinu svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til ákvæða 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit veðskuldabréfs.
4. Lögbirtingablað, sem stefnan birtist í.
5. Þinglýsingarvottorð.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, er háð verður að Hafnarstræti 107, Akureyri fimmtudaginn 26. júní 2003 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 30. apríl 2003.  
Dómstjóri héraðsdóms  
Norðurlands eystra,  
**Freyr Ófeigsson.**

(5642

**Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Bjarni Benediktsson hdl., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur fyrir hönd Frumherja hf., kt. 470297-2719, Hesthálsi 6-8, Reykjavík til ógildingar á neðangreindum hlutabréfum útgefnum af Frumherja hf.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirfarandi hlutabréf í Frumherja hf.:

| Hlutabréf nr.: | Nafnvirði kr.: | Útgefið:          |
|----------------|----------------|-------------------|
| 38             | 83.803         | 4. febrúar 1997   |
| 98             | 5.822          | 21. apríl 1997    |
| 149            | 5.455          | 8. september 1997 |
| 153            | 27.273         | 8. september 1997 |
| 319            | 24.000         | 1. október 1997   |
| 346            | 40.000         | 1. október 1997   |
| 351            | 8.000          | 1. október 1997   |
| 386            | 77.800         | 1. október 1997   |
| 428            | 40.000         | 1. október 1997   |
| 1020           | 100.000        | 4. desember 2000  |
| 1037           | 131.000        | 6. desember 2000  |
| 1047           | 19.091         | 23. febrúar 2001  |

*Málavextir og málsástæður:* Hlutabréf nr. 38 og 98 voru gefin út til Landleiða hf., hlutabréf nr. 149 var gefið út til Kristjáns Bergs Ásgeirssonar, hlutabréf nr. 153 var gefið út til Bakka-varar hf., hlutabréf nr. 319 var gefið út til Laufeyjar Valdimarsdóttur, hlutabréf nr. 346 var gefið út til Jóns Stefáns Friðrikssonar, hlutabréf nr. 351 var gefið út til Páls Eyjólfssonar, hlutabréf nr. 386 var gefið út til Sigurðar Jónasar Þorbergssonar, hlutabréf nr. 428 var gefið út til Karenar Evu Halldórsdóttur, hlutabréf nr. 1020 var gefið út til Jens B. Helgasonar og hlutabréf nr. 1037 og 1047 voru gefin út til Þóris Sigurðssonar.

Ofangreind hlutabréf sem óskað er ógildingar á eru bréf sem ekki hafa fundist þrátt fyrir mikla leit. Hafa eigendur þeirra í hyggju að selja bréfin. Er þeim því brýn þörf á að fá bréfin ógilt með dómi svo unnt sé að gefa út ný bréf í þeirra stað. Frumherji hf. hefur tekið að sér að sjá um málshöfðun til ógildingar bréfanna og fengið til þess umboð frá þeim eigendum bréfanna sem svo eru skráðir hjá félaginu. Staðfestir Frumherji hf. með því að taka þetta að sér að tilgreindir aðilar séu skráðir sem eigendur bréfanna í hluthafaskrá félagsins. Ef enginn gefur sig fram

með ofangreind hlutabréf mun Frumherji gefa út ný hlutabréf til rétttra aðila þegar ógildingar-dómur hefur verið kveðinn upp.

*Lagarök:* Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn og áskilnaður:* Við þingfest-ingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
4. Umboð hluthafa til höfðunar ógildingar-máls.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreind hlutabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 19. júní 2003 kl. 10.00 fyrir hádegi, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til hlutabréfanna og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 8. maí 2003.  
Dómstjórinn í Reykjavík,  
**Friðgeir Björnsson.**

(5676

## Birting ákæru og fyrirkalls

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Hvolsvelli

*gjörir kunnugt:*

Að höfða beri opinbert mál fyrir héraðsdómi Suðurlands á hendur

Aaroni Lamont, kt. 020379-2009,  
óstaðsettum í hús, Rangárþingi ytra

fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfarnótt sunnudagsins 24. nóvember 2002 haft í vörslum sínum 3,95 grömm af hassi og 1,26 grönn af tóbaksblönduðu hassi þegar lögreglan handtók ákærða við húsleit á heimili hans að Hábæ II, Rangárþingi ytra.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 68/2001, sbr. 166. gr. laga nr. 82/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 13/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1980 og 2. sbr. 14. og 15. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 490/2001.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu hassi, sbr. efnaskrá lögreglunnar nr. 031-2002-4, ásamt áhöldum til neyslu fíkniefna er fundust við leit á heimili ákærða og lagt var hald á og merkt eru nr. 031-2002-1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 9 og 10 í efnaskrá lögreglunnar, skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 68/2001 og 2. mgr. 14. gr., sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 490/2001.

Lögreglustjórinn á Hvolsvelli,  
Hvolsvelli, 31. mars 2003,  
Kjartan Þorkelsson.

Fyrirkall:

Mál nr. S-198/2003  
Ákæruvaldið  
gegn  
Aaron Lemont

verður tekið fyrir á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómsalnum að Austurvegi 4, Selfossi, 27. júní næstkomandi kl. 10.00. Er ákærði, Aaron Lemont, kt. 020379-2009, óstaðsettur í hús, Rangárþingi ytra, kvaddur til að koma þá fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Ef ákærði sækir ekki þing að forfallalausú má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjar-stöddum sbr. 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Athygli er vakin á því að heimildir til áfrýjunar slíks dóms eru takmarkaðar, sbr. 150. gr. sömu laga.

Héraðsdómi Suðurlands, 6. maí 2003,  
**Ingveldur Einarsdóttir** héraðsdómari.

Þar sem óvíst er um dvalarstað ákærða, Aaron Lemont, er framangreind ákæra og fyrirkall nú birt í Lögbirtingablaði með vísan til 2. mgr. 20. gr. laga nr. 91/1991.

Hvolsvelli, 8. maí 2003.  
F.h. lögreglustjórans á Hvolsvelli,  
**Þórhallur Haukur Þorvaldsson** ftr.

(5689

## Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum þann 23. apríl 2003, var bú Elíasar Guðmundssonar, kt. 220565-3439, Öldustíg 16, Sauðárkróki, tekið til gjaldþrota-skipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 19. febrúar 2003.

